

Ár 2014, fimmtudaginn 21. ágúst kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 8. ágúst 2014.**
Í bréfinu er kynnt málþing um skólamál á Grand hóteli 8. september nk.
Lagt fram til kynningar.
- 1.2. **Sveitarfélaginu Ölfuss frá 14. ágúst 2014.**
Í bréfinu er óskað eftir að samningur milli sveitarfélaganna verði endurnýjaður.
Bæjarráð felur bæjarstjóra, formanni bæjarráðs og formanni fræðslunefndar að ræða við Ölfusinga vegna málsins en ljóst er að samningur sá sem hér um ræðir verður ekki endurnýjaður í þeirri mynd sem hann var á sínum tíma.
- 1.3. **Göngum í skólann frá 24. júlí 2014.**
Í bréfinu er kynnt árlegt verkefni „Göngum í skólann“ sem hvetja á börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla.
Bæjarráð hvetur skóla á okkar svæði til þátttöku í verkefninu sem og foreldra og forsvarsmenn barna í Hveragerði til að kynna sér verkefnið.
- 1.4. **Fræðslunetinu frá 7. ágúst 2014.**
Í bréfinu er óskað eftir styrk til kennslu Listnámsbrautar fyrir fólk með fötlun.
Bæjarráð samþykkir að styrkja kennsluna um 100.000 kr.
- 1.5. **JS/Danmark frá 8. ágúst 2014.**
Í bréfinu eru kynntir möguleikar við gerð margmiðlunarbæklings fyrir Hveragerði.
Bæjarráð samþykkir að gerður verði bæklingur til kynningar á Hveragerði í samvinnu við JS/Denmark.
- 1.6. **Undirskriftarlisti v/ borholu við Hveramörk frá 5. ágúst 2014.**
Lagður fram listi með undirskriftum 26 íbúa í nálægð við Hveragarðinn. Óska íbúarnir eftir því að lausn verði fundin á hávaða sem reglulega berst frá borholu á hverasvæðinu.

Bæjarráð tekur undir það sjónarmið að brýnt sé að leita annarra leiða í stað þess að láta holuna blása nætur og daga. Þegar hefur verið fundað með forsvarsmönnum Orkuveitu Reykjavíkur og þeim gerð grein fyrir alvöru málsins. Strax í kjölfar þess fundar var skrúfað fyrir holuna og þar með var hávaðinn úr sögunni. Bæjarráð leggur til að bæjarstjóri og skipulags- og byggingafulltrúi ræði áfram við fulltrúa OR um framtíðarlausnir á blæstri borhola í bæjarfélaginu.

2. Tæknileg málefni:

2.1. Lóðarumsókn v/ Dalsbrúnar 2-8 frá 14. ágúst 2014.

Róbert Pétursson sækir um raðhúsalóðina Dalsbrún 2-8.

Bæjarráð samþykkir að úthluta Róberti Péturssyni lóðinni Dalsbrún 2-8 samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun lóða í Hveragerði enda séu hugmyndir hans um nýtingu lóðarinnar í samræmi við gildandi deiliskipulag.

2.2. Lóðarumsókn v/ Dalsbrúnar 10-16 frá 14. ágúst 2014

Róbert Pétursson sækir um raðhúsalóðina Dalsbrún 10-16.

Bæjarráð samþykkir að úthluta Róberti Péturssyni lóðinni Dalsbrún 10-16 samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun lóða í Hveragerði enda séu hugmyndir hans um nýtingu lóðarinnar í samræmi við gildandi deiliskipulag.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Tillögur frá bæjarstjóra v/ viðauka við fjárhagsáætlun frá 15. ágúst 2014 vegna viðhalds íþróttahúss, nýrra leiktækja, gatnagerðar og sumarfrístundar 6 ára barna.

Lögð fram tillaga frá bæjarstjóra v/ viðauka við fjárhagsáætlun vegna viðhalds í íþróttahúsi, nýrra leiktækja, gatnagerðar og sumarfrístundar 6 ára barna.

Breytingar á áætluðum rekstrar og efnahagsreikningi samstæðu er eftirfarandi.

Rekstrarreikningur:

Hækkun á tekjur frá jöfnunarsjóði kr 11.500 þús.

Hækkun á öðrum tekjum kr 2.000 þús.

Hækkun á öðrum rekstrarkostnaði kr 3.500 þús

Hækkun afskrifta kr 169 þús

Alls bætt rekstrarniðurstaða kr 9.831 þús.

Efnahagsreikningur:

Hækkun á fastafjármunum kr 9.631 þús.

Hækkun á handbæru fé kr. 200 þús.

Hækkun á eigið fé kr 9.831 þús.

Bæjarráð samþykkir viðaukann.

4. Fundargerðir:

4.1. Skipulags- og mannvirkjanefndar frá 12. ágúst 2014 ásamt minnisblaði frá skipulags- og byggingafulltrúa.

Liður 4 bátatjörn, tillaga frá Birni Guðjónssyni afgreiddur sérstaklega. Bæjarráð samþykkir að vísa könnun á mögulegri staðsetningu á bátatjörn innan bæjarmarka Hveragerðis til endurskoðunar aðalskipulags.

Liður 5 Hrauntunga 18, ósk um breytingu á deiliskipulagi Kambalands afgreiddur sérstaklega. Vegna liðarins var lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa frá 13. ágúst 2014. Bæjarráð samþykkir að hafna erindinu en felur jafnframt bæjarstjóra og skipulags- og byggingafulltrúa að ræða við eigendur Kambalands um áform þeirra á öllu svæðinu til framtíðar litið.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

5. Verkfundargerðir:

5.1. Hveragerði – Gatnagerð 2014 frá 18. ágúst 2014.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

6. Fundargerðir til kynningar:

6.1. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 13. ágúst 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:56

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)